

11. gr.

Nú óskar samningsaðili endurskoðunar eða breytinga á samningi þessum. Skal ósk um endurskoðun gerð skriflega og send stjórn B. Á., ásamt tillögu um breytingar. Ef meirihluti stjórnarinnar samþykkir breytingar, skal breytingartillagan send sveitarstjórnunum til afgreiðslu. Breytingin tekur því aðeins gildi, að allar sex sveitarstjórnirnar samþykki hana.

12. gr.

Nú óskar hreppsfélag að ganga úr B. Á., og skal það þá tilkynnt stjórninni a. m. k. þremur mánuðum fyrir aðalfund. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum. Mál þetta skal síðan tekið fyrir á aðalfundi og reynt að finna lausn á þeim atriðum, sem liggja til grundvallar ósk um úrsögn. Náist ekki samkomulag, þá skal úrsögnin gilda frá næstu reikningsáramótum eftir aðalfundinn. Sveitarfélag, sem segir sig úr B. Á., á ekki endurkröfurétt á framlagi sínu í stofnkostnaði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 12. gr. laga nr. 55 22. maí 1969, um brunavarnir og brunamál, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld í Bolungarvík.****1. gr.**

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2%
Tveggja hæða íbúðarhús	2%
Fjölbýlishús	0.8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.8%
Iðnaðarhús, vörugemymslur og annað atvinnuhúsnaði	1.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 40% gjaldsins, greiðist, er bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.

Eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 3 árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrir en gangstétt er fullfrágengin.

4. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 404.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1970 og efnahagur 31. desember 1970.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1970:

Innstæða á hlr. 3020 í Seðlab. Ísl.	kr.	0.00
Innborgað stofnfé	—	45 932 407.00
Vaxtatekjur	—	3 115 941.00

Kr. 49 048 348.00

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	465 270.00
Auglýsingakostnaður	—	2 280.00
Eignir 31. des. 1970:		
Innstæða á hlr. 3020	—	48 580 798.00

Kr. 49 048 348.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1970:

Innstæða á hlr. 3021 í Seðlab. Ísl.	kr.	0.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski .	kr. 145 703 014.00	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju ...	—	3 878 584.70
		— 149 581 598.70
Vaxtatekjur	—	1 112 479.00

Kr. 150 694 077.70

Gjöld:

Eignir 31. des. 1970:

Innstæða á hlr. 3021	kr. 150 694 077.70
	Kr. 150 694 077.70